

hlutinn sé lagður við höfuðstól sjóðsins ásamt öðru því fé, er sjóðnum kann að **118**
berast. 15. okt.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má skerða, ef með þarf, um það sem hann fer yfir kr. 6000.00, til þess að endurbyggja kirkjuna, sjá henni fyrir góðu hljóðfæri og afla henni þeirra hluta, sem kirkjur þurfa að eiga, svo og prýða kirkjuna að öllu útliti, ef ástæður leyfa, svo hún megi verða sem virðulegastur helgidómur safnaðarins.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í hinum almenna kirkjusjóði Íslands, en sóknarnefnd Hraunssóknar hefur á hendi stjórn sjóðsins með yfirumsjón forráðamanna kirkjunnar, eins og kirkjulöggjöfin mælir fyrir um.

6. gr.

Við kirkjuna skal hafa bók, er í ber að skrá ársreikninga sjóðsins og alla fjárstyrki, er sjóðnum kann að berast, á nafn gefenda með árs- og dagsetningu, ásamt greinargerð fyrir styrkveitingunni, eftir því sem ástæður eru til og óskað er eftir.

7. gr.

Þótt byggðarlag Hraunssóknar fari að öllu í eyði um lengri tíma, verður þessi sjóður óvæfengjanlegur að teljast Hraunskirkju safnarsjóður. Þeim eignarrétti sóknarinnar til sjóðsins má aldrei breyta.

Í framangreindri aðstöðu skal ávaxta sjóðinn áfram, þar til byggðarlag Hraunssóknar byggist að einhverju leyti að nýju, en þá tekur sjóðurinn til þess starfs, sem honum var í upphafi ætlað, eftir því sem söfnuðurinn tekur ákvörðun um.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Fyrir hönd stofnenda sjóðsins.

Kirkjubóli, 1. maí 1947.

Bjarni M. Guðmundsson.

REIKNINGUR

119

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Thoru Melsted árið 1947.

T e k j u r :

1. Frá f. ári: Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	kr. 1767.68
2. Vextir	— 84.81

Kr. 1852.49

G j ö l d :

Eign í árslok: Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 1852.49
--	-------------

Kr. 1852.49

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 31. janúar 1948.

Sigurgeir Sigurðsson.